

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 315/1997.

K

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

M

(enginn)

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 4. júlí 1997 í máli varnaraðila á hendur sóknaraðila til viðurkenningar á því, að varnaraðili sé faðir barns sóknaraðila, K, en með úrskurðinum var tekin til greina krafa varnaraðila um, að báðir málsaðilar skyldu ásamt K gangast undir blóðrannsókn. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að mælt verði svo fyrir, að henni og nefndu barni hennar verði ekki gert að gangast undir blóðrannsókn, svo og, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í forsendum hins kærða úrskurðar eru eftirfarandi rök færð fyrir niðurstöðu hans: „Með sama rökstuðningi og notaður var við úrskurð, þar sem frávísunarkröfu stefndu var hafnað, og þá sérstaklega því, að markmið reglna um málsmeðferð í faðernismálum er, að rétt niðurstaða fáiist og kynfaðir barns verði jafnframt faðir þess að lögum, og með vísan til 48. gr. barnalaga nr. 20/1992 er krafa stefnanda um skyldu aðila til þess að gangast undir blóðrannsókn tekin til greina.“ Tilvísun þessi til efnis annarrar dómsúrlausnar, sem ekki er greint nánar frá, felur ekki í sér viðhlítandi röksemdafærslu fyrir niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Önnur þau atriði, sem vikið er að í forsendum úrskurðarins og getið er hér að framan, koma ekki ein sér nægilega að haldi í því skyni. Samkvæmt þessu hefur héraðsdómari ekki fellt úrskurð í ágreiningsefni málsaðila

með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991. Er því óhjákvæmilegt að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka ágreiningsefnið til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka ágreiningsefni málsaðila til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júlí 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. júní sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 14. nóvember 1996 og þingfestri 26. nóvember 1996.

Stefnandi er M.

Stefnda er K.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé faðir barnsins A [f. 1992].

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefndu.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað með hliðsjón af gjaldskrá Lögfræðisþjónustunnar ehf. Málskostnaður beri virðisaukaskatt, 24,5%.

Með úrskurði, upp kveðnum 27. maí sl., var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Við fyrirtöku málsins 19. júní sl. var þess krafist af hálfu stefnanda, að aðilar málsins yrðu skyldaðir til blóðrannsóknar. Lögmaður stefndu sagði stefndu hafna því, og var ágreiningsatriði þetta tekið til úrskurðar.

Niðurstaða.

Með sama rökstuðningi og notaður var við úrskurð, þar sem frávísunarkröfu stefndu var hafnað, og þá sérstaklega því, að markmið reglna um málsmeðferð í faðernismálum er, að rétt niðurstaða fái st og kynfaðir barns verði jafnframt faðir þess að lögum, og með vísan til 48. gr. barnalaga nr.

20/1992 er krafa stefnanda um skyldu aðila til þess að gangast undir blóðrannsókn tekin til greina.

Úrskurðinn kveður upp Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, M, stefnda, K, og barnið A skulu gangast undir blóðrannsókn samkvæmt 48. gr. barnalaga nr. 20/1992.
